

Mál nr. 240/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

Ágreiningur um afleiðingar meiðsla við árekstur þann 26.02. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur máls þessa er um afleiðingar slyss sem M varð fyrir sbr. fyrirliggjandi gögn.

M ók bifreið sinni eftir bifreiðastæði þegar bakkað var í hlið bifreiðar hans.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu milli óhappsins og þeirra eymsla sem M kvartar undan.

M vísar m.a. til matsgerðar læknis og lögmanns, dags. 30.06. 2010, þar sem fallist er á orsakatengsl séu á milli áverka M og slyssins (5 stig til miska og 5% til varanlegrar örorku). Þeirri matsgerð hafi ekki verið hnekt. M hafi strax leitað á slysadeild sbr. fyrirliggjandi gögn. M hafi ekki haft fyrri sögu af einkennum frá öxl eða hálsi.

Álit

Með matsbeiðni, dags. 11.06. 2010, fór lögmaður M og vátryggingafélagið fram á að tiltekinn læknir og tiltekinn lögmaður myndu meta afleiðingar líkamstjóns M að teknu tilliti til skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum. Þá var þess óskað að metin verði orsakatengsl milli slyss og einkenna og hvort þörf sé á sjúkraþjálfun í framtíðinni sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. Í niðurstöðu matsmanna, dags. 30.06. 2010, segir m.a. að þeir telja að M hafi “hlotið hálstögnun í umferðarslysinu 26.02. 2009 og að núverandi einkenni frá hálsi og herðum sé að rekja til þessa”.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er nægjanlega upplýst að M hafi orðið fyrir meiðslum í umrætt sinn líkt og fram kemur í fyrirliggjandi matsgerð. Fyrirliggjandi matsgerð hefur ekki verið hnekt þrátt fyrir framkomna skýrslu Aðstoðar og öryggis efh., dags. 19.11. 2010.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.